


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	SAGA3AM05 - miðausturlandasaga	
	Námsáætlun vorönn 2017	

Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----


Áfangalýsing:

Fjallað er um tilurð ríkja í Miðausturlöndum eftir fyrri heimsstyrjöld og aðkomu Evrópuríkja og Bandaríkjanna að málefnum þessa heimshluta. Þá er fjallað um íslam, upphaf, þróun og sögu þessara trúarbragða og samspil við stjórnsmál í gegnum tíðina. Þá verða kannaðar orsakir fyrir deilum Ísraela og Palestínuaraba og ljósi varpað á stöðuna eins og hún blasir við nú um stundir. Staða kvenna í Miðausturlöndum verður sérstaklega skoðuð og jafnframt hugað að málefnum múslimskra kvenna í Evrópu í dag. Þá verða kannaðar ástæður fyrir uppgangi ýmissa "herskárra" hópa í Miðausturlöndum og hugað að fyrirbærinu "íslamsvæðing" í Evrópu og víðar. Þá verða skoðaðar helstu ástæður fyrir árásum á Bandaríkin 11. september 2001 og svar þeirra við þeim. Að lokum verður fjallað um stöðu Bandaríkjanna í alþjóðastjórnsmálum í dag. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemanda, auka viðsýni hans, rökhugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tilurð og orsökum fyrir uppskiptingu Miðausturlanda eftir fyrri heimsstyrjöld
- samspili trúar og stjórnmála í þessum heimshluta
- helstu átökum þessa heimshluta á 20. öld til nútímans, m.a. deilu Ísraela og Palestínuaraba
- hinum ýmsu hópum og samtökum sem á Vesturlöndum eru skilgreindir sem "öfgasamtök" og/eða "hryðjuverkasamtök"
- helstu vandamálum sem við er að glíma varðandi innflytjendur í Evrópu, einkum frá hinum íslamska heimi
- mismunandi stöðu kvenna í hinum íslamska heimi
- stöðu Bandaríkjanna í alþjóðlegu samhengi og viðbrögð þeirra við hryðjuverkaárásum 11. sept. 2001

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	SAGA3AM05 - miðausturlandasaga Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- greina orsakir fyrir átökum í Miðausturlöndum
- nota fræðileg vinnubrögð við þekkingaröflun sína
- nota fjölbreyttar aðferðir til að miðla þekkingu sinni á efni áfangans
- meta átök í þessum heimshluta út frá eigin forsendum og skilningi
- lesa fræðilega texta á íslensku og ensku og túlka merkingu þeirra

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra orsakir átaka í Miðausturlöndum
- skilja betur aðstæður fólks í þessum heimshluta í dag og átta sig á tengslum fortíðar við nútímann
- útskýra árekstra sem orsakast af ólíkri menningu
- miðla sögulegum álitaeftum á skýran hátt í ræðu og riti
- taka þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafningjum um þau álitaefti sem tekin eru fyrir í áfanganum
- nýta sér upplýsingatækni í þekkingarleit og miðlun þekkingar á gagnrýnn og skapandi hátt
- beita gagnrýnni hugsun á viðfangsefti sögunnar

Námöggn:

Engin ein sérstök kennslubók er fyrir áfangann, en kennari mun afhenda ýmis konar efni og benda auk þess á lesefti á bókasafni. Þetta er próflaus áfangi og því verður gerð sú krafa til nemenda að þeir vinni vel í tímum og séu ætíð vel undirbúnir fyrir kennslustundir. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur temji sér aga og sjálfstæði í vinnubrögðum og að þeir þjálfist í samningu ritgerða, bæði hvað varðar heimildaöflun og meðferð heimilda.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	SAGA3AM05 - miðausturlandasaga	
	Námsáætlun vorönn 2017	


Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni, vægi
1. - 2. vika	Inngangur. Íslam: Upphaf, saga og einkenni. Samspil trúar og stjórnmála í Miðausturlöndum.	Skilaverkefni (10%)
3. - 4. vika	Tilurð ríkja í Miðausturlöndum og upphaf nútímastjórnmála þar. Ritgerðarefni kynnt.	
5. - 6. vika	Staða kvenna í Íslam í nútímanum. Fyrirlestrarkynning. Nem. velja efni.	
7.-8. vika	Deilur Ísraela og Palestínuaraba.	Skilaverkefni (15%)
9.-10. vika	Að "Íslamvæða" samfélagið. Uppgangur "herrska" hreyfinga. Fyrirlestrar nemenda.	Kynningar nemenda (20%) Skilaverkefni (10%)
11. og 13. vika	Íran og Írak.	Skila ritgerð fö. 17. mars. (30%)
14.-15. vika	Hryðjuverkin í BNA 11. sept. 2001. Áhrif og afleiðingar. Páskafrí í 15. viku.	
16. - 17. vika	Hernaðaraðgerðir BNA í Afganistan og Írak. "Arabíska vorið", flóttafólk og hælisleitendur í Evrópu.	Skilaverkefni (15%)
17.-18 vika	Staða BNA í alþjóðastjórnmálum á líðandi stundu.	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námstilhögun

Fyrirlestrar kennara og nemenda. Verkefni unnin á bókasafni og í tölvustofu, ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Sum þessara verkefna eru skilaverkefni og verða þau kynnt með góðum fyrirvara. Áriðandi er að nemendur skili þeim á fyrirfram ákveðnum skiladegi. Berist verkefni of seint lækkar einkunn fyrir það og ekki verður tekið við verkefni sem berst þremur dögum eftir auglýstan skiladag. Sjá meðfylgjandi reglur um verkefnaskil. Öll verkefni skulu vera vel frágengin og tölvuunnin.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	SAGA3AM05 - miðausturlandasaga Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Próf	Ekkert skriflegt lokapróf		
Skilaverkefni 1	Upphaf, saga og einkenni íslam. Tilurð ríkja í Miðausturlöndum		10%
Skilaverkefni 2	Deilur Ísraela og Palestínuaraba		15%
Skilaverkefni 3	Múslimar í Evrópu, íslamistar og bókstafstrúarhreyfingar í Miðausturlöndum		10%
Skilaverkefni 4	„Arabíska vorið“ og flóttamenn		15%
Ritgerð	Heimildaritgerð, 6 til 8 bls.		30%
Kynning nemenda	Nemendur flytja glærustuddan fyrirlestur, u.þ.b. 10 til 15 mín. langan		20%
	Samtals:		100%
Annað:			

Moodle

Fjölbreytt efni verður sett inn á Moodle kennsluvefinn og auk þess sem ýmsar tilkynningar frá kennara munu birtast þar varðandi efni áfangans, því er brýnt að nemendur noti vefinn reglulega.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf


Þorsteinn Krüger (ÞOK)

kruger@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

4/1/17


4. 1. 2017


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils